



Verðfyrirspurn fyrir vörumerki island.is - 2019

Lýsing

Fjármála- og efnahagsráðuneytið / Stafrænt Ísland vinnur að gerð miðlægrar stafrænnar þjónustugáttar fyrir opinbera þjónustu undir merki island.is, og óskar eftir tilboðum í endurhönnun á vörumerkinu island.is.

Vörumerki island.is er hluti af stærra verkefni sem felur í sér hönnun, verkefnastjórn og forritun á nýrri lausn fyrir miðlæga þjónustugátt island.is og þeirri þjónustu sem þar verður í boði. Áætlað fjármagn í heildarverkefni island.is árið 2019 er um 126 milljónir króna. Sjá nánar á <https://stafrænt.island.is/verkefni/nytt-island-is/>

Þessi verðfyrirspurn er hluti fleiri verkþátta verkefnisins og **hefur verið úthlutað 5.000.000 kr,- án virðisaukaskatts** og felur þessi verðfyrirspurn því í sér hvaða vinnu og afurðir bjóðandi getur framleitt og afhent innan þess ramma. Tilboðið telst bindandi. Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum sem uppfylla ekki kröfur verðfyrirspurnar.

Óskað er eftir heildstæðu stafrænu vörumerki sem mun verða grunnur að allri framtíðarhönnun á vefnum island.is samkvæmt eftirfarandi verkefnalýsingu og felur í sér **verkþætti á borð við***:

- Nýtt logo (vörumerkjatákn) fyrir island.is - **forgangur**
- Leturgerð og mismunandi notkunarmöguleika þess – **forgangur**
- Litapallettu og sýnidæmi um notkun þeirra - **forgangur**
- Merki (icon) eða útgáfu af logo-i með einkenni fyrir: sjálfsafgreiðslu, auðkenningaþjónustu, mínar síður og pósthólf.
- Grafík sem nota skal með vörumerki (bakgrunnar, skraut eða annað)
- Sýnishorn á notkun vörumerkis á stafrænum vörum annars vegar og kynningarvörum hinsvegar
- Raddblær í notkun texta með vörumerki (tone of voice)

Listinn er ekki tæmandi og er bjóðandi beðinn um að tilgreina alla þá verkþætti sem hann getur framleitt innan fjárheimilda verkefnisins. Verkþættir koma til mats á tilboði samkvæmt neðangreindum valforsendum. Verkþættir merktir **forgangur hafa aukið vægi.*

Forsendur fyrir vali á tilboðum eru hagkvæmstu kaup, þ.e. mat á þeim gæðum og verkþáttum sem boðin eru til móts við verð. Um þessi innkaup gilda bæði 24. grein og 2. mgr. 29. gr. laga um opinber innkaup.

Verðfyrirspurninni skal svarað með tilboði sem felur í sér:

1. Lýsingu á þeim verkþáttum, í samræmi við upptalningu hér að ofan, sem bjóðandi ætlar sér að afgreiða innan verðrammans ásamt lýsingu á umfangi hvers liðar fyrir sig.
2. Fylgigögn sem sýna fram á sambærilega vinnu við vörumerki (Minnst þrjú sýnishorn á verkefnum sem sýna vinnu fyrirtækis á stafrænu vörumerki).
3. Lýsingu á vinnuferli fyrirtækisins við hönnun vörumerkisins og reynsla starfsmanna sem koma að vinnunni
4. Tímaáætlun verkefnis og dagsetning sem fyrirtækið getur hafist handa við verkefnið (þó ekki seinna en 6 vikum frá samþykki tilboðs).



Umsjónaraðili verðfyrirspurnar

Fjármála-og efnahagsráðuneytið / Stafrænt Ísland

Heimilisfang: Arnarhvoli Lindargötu

Sími: 534 9200

Netfang: stafraentisland@fjr.is

Verkefnastjóri: Jónatan Arnar Örlygsson

- Verðfyrirspurn send út: 19. Júní 2019
- Fyrirspurnarfrestur: Til 26. Júní 2019
- Svarfrestur: Eigi síðar en 5 dögum fyrir skilafrest tilboða
- Skilafrestur: 3. Júlí 2019
- Afhendingartími: Vinna við vörumerki skal vera lokið ekki seinna en 6 vikum frá samþykki tilboðs.

Hafi bjóðandi fyrirspurnir varðandi verðfyrirspurn þessa skulu þær sendar á ofangreint netfang og verður þeim svarað eigi síðar en 5 dögum fyrir skilafrest tilboða. Svör við fyrirspurnum verða birt á: <https://stafraent.island.is/vorumerki>

Bjóðendur skulu skila tilboðum sínum á rafrænu formi í tölvupósti á stafraentisland@fjr.is merkt: Verðfyrirspurn á vörumerkinu island.is 2019

Skyldubundnar útilokunarástæður 68. gr. OIL skulu ekki eiga við um bjóðanda. Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum um skil á opinberum gjöldum og lífeyrissjóðsiðgjöldum hjá þeim aðila sem verður valinn og áskilur sér rétt til að hafna tilboðum frá aðilum sem ekki uppfylla kröfur með tilliti til valkvæðra útilokunarástæðna 68. gr. OIL.

Verði tilboði tekið mun verða gerður samningur við bjóðanda. Samningsdrög er fylgiskjal með þessari verðfyrirspurn og með tilboði sínu samþykkir bjóðandi alla samningsskilmála.

Hæfi bjóðanda

Tæknileg og fagleg geta fyrirtækis skal vera það trygg að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda. Fyrirtæki er heimilt að byggja á fjárhagslegri, tæknilegri og faglegri getu annarra aðila óháð lagalegum tengslum við þá, sbr. 76. gr. OIL.

1. Gerð er krafa um að bjóðandi hafi a.m.k. þriggja ára reynslu af stafrænni vörubrúun, uppsetningu vefja, þar sem t.d. hefur reynt á aðlögun fyrir mismunandi tæki og aðra sérvirkni. Bjóðandi skal benda á að lágmarki þrjú vörumerkjaverkefni sem hann hefur unnið. Bjóðandi skal setja þann vef efstan sem hann tilnefnir til gæðamats dómnefndar (sjá valforsendur).
2. Gerð er krafa um að **lágmarki þriggja ára** starfsreynslu (hvers og eins) a.m.k. eins vefhönnuðar. Gera skal grein fyrir reynslu / menntun þeirra starfsmanna sem koma til með að vinna að þessu verkefni og skal ferilskrá þeirra fylgja. Ekki er heimilt að skipta út starfsmanni hjá þjónustuaðila sem tilgreindur hefur verið til verkefnisins nema með jafn færum starfsmanni og þeim sem tekinn er úr verkefninu, að fengnu samþykki kaupanda. Bjóðandi skal með tilboði sínu staðfesta hann fullnusti þessa lágmarkskröfu.
3. Gerð verður krafa um vikulega framvinduskýrslu þar sem fram kemur hvernig vinnunni hefur miðað áfram, með meðfylgjandi myndrænum sýnishornum. Vinna við vörumerki skal vera lokið ekki seinna en 6 vikum frá undirritun samnings. Bjóðandi skal með tilboði sínu staðfesta hann fullnusti þessa lágmarkskröfu.

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda, sbr. 71. gr. OIL.



Persónuvernd

Þar sem einhver þeirra gagna sem óskað er eftir frá bjóðendum kunna að innihalda persónuupplýsingar skal það tekið fram að fyllsta öryggis verður gætt við meðhöndlun og geymslu þeirra gagna. Enginn óviðkomandi mun hafa aðgang að þeim gögnum er innihalda persónuupplýsingar né öðrum gögnum og þau geymd á tryggum stað innan fjármála-og efnahagsráðuneytisins. Gögnin verða ekki afhent þriðja aðila né verða þau flutt út fyrir EES svæðið.

Fjármála-og efnahagsráðuneyti hefur gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra upplýsinga/gagna sem stofnunin fær aðgang að/afrit af og meðhöndlar þau gögn í samræmi við gildandi lög um persónuvernd hverju sinni.

Hinn skráði á rétt á að fara fram á það við ábyrgðaraðila (Ríkiskaup) að fá aðgang að persónuupplýsingum, láta leiðrétta þær, eyða þeim eða takmarka vinnslu þeirra hvað hinn skráða varðar eða til að andmæla vinnslu, auk réttarins til að flytja eigin gögn.

Valforsendur

Tilboð skulu vera bindandi. Ef gerður er fyrirvari um að tilboð sé ekki bindandi þá er það metið ógilt.

Tilboð verður valið samkvæmt eftirfarandi valforsendum og vægi milli þátta (samtals 100 stig)

1. Hvaða afurðir eru innifaldar í vörumerkinu og lýsing á umfangi – hámark 30 stig
2. Mat á fyrri verkefnum – hámark 30 stig
3. Vinnuaðferðir og reynsla starfsmanna – hámark 30 stig
4. Tímaáætlun og upphaf verks – hámark 10 stig

1. Hvaða afurðir eru innifaldar í vörumerkinu og lýsing á umfangi, hámark samtals 30 stig

1.1 - Fyrir unnar afurðir 20 stig:

3 stig fyrir hverja unna afurð sem skilgreind er sem forgangur í verkefnalýsingu (að hámarki 9 stig).

2 stig fyrir hverja unna afurð sem skilgreind er í verkefnalýsingu og ekki merkt forgangur (að hámarki 8 stig).

1 stig fyrir hverja aukalega unna afurð umfram lista í verkefnalýsingu (að hámarki 3 stig séu allir liðir verkefnalýsingu uppfylltir eða að hámarki upp í 20 stig fyrir unnar afurðir).

Dæmi:

Fyrirtæki A býður að afhenda logo, leturgerð og litapallettu í vinnu við vörumerki (3 forgangsatríði = 9 stig). Fyrirtæki A ætlar einnig að fara í vinnu á því hvernig raddblær vörumerkis ætti að vera sem er afurð skilgreind í verkefnalýsingu (1 afurð skilgreind í verkefnalýsingu = 2 stig). Að auki leggur fyrirtæki A til að búa til kvikun (animation) á logo-i. (1 afurð umfram lista í verkefnalýsingu = 1 stig).

Samtals fær fyrirtæki A 12 stig fyrir þennan lið.



1.2 - Fyrir lýsingu á umfangi 10 stig:

1 stig fyrir vel skilgreinda lýsingu á umfangi hvers verkliðs fyrir sig (að hámarki 10 stig).

Dórnefnd svarar spurningunni: „Er skýrt hversu langt er unnið með verkliðinn og gefur lýsingin þér góða mynd um lokaútkomu verkliðsins?“ Já = 1 stig – Nei = 0 stig

Dæmi:

Fyrirtæki A lýsir vel hvernig það vinnur tillögur að logo-i og velur leturgerð fyrir verkefnið. Tilgreina hver skrefin í þessari vinnu er og hversu langt er gengið með þessa vinnu að lokaafurð (2 stig). Fyrirtæki A segir einnig frá því hvernig þeir vinna raddblæ vörumerkis og að þeir muni afhenda mismunandi dæmi um notkun texta með vörumerkinu (1 stig).

Fyrirtæki A talar ekki sérstaklega um hvernig litapallettan eða kvikun er unnin en segjast velja 3 liti og búa til flotta kvikun. Valnefnd telur lýsingu á umfangi ekki góða og fær Fyrirtæki A því ekki stig fyrir þessa liði í þessum lið.

Samtals fær fyrirtæki A 3 stig fyrir þennan lið.

2. Mat á fyrri verkefnum, hámark samtals 30 stig

Bjóðandi skal benda á að lágmarki þrjú vörumerkjaverkefni sem hann hefur unnið. Bjóðandi skal setja það vörumerki efst sem hann tilnefnir til gæðamats dórnefndar.

Vörumerkið skal veita traust en á sama tíma ná til breiðs hóps. Beðið er um myndræna framsetningu á verkefninu.

Nefnd á vegum verkkaupa svarar eftirfarandi spurningum:

2.1

Ég þekki vörumerkið og finnst það einkennandi fyrir fyrirtækið

Mér finnst vörumerkið vera fallett og ná til mín

Mér finnst vörumerkið vera trúverðugt og veita mér traust

Ég fæ góða tilfinningu fyrir hvernig vörumerkið er notað á stafrænum miðlum

Mér finnst lita og leturnotkun vera góð

Mjög ósammála = 1 stig

Ósammála = 2 stig

Hlutlaus = 3 stig

Sammála = 4 stig

Mjög sammála = 5 stig

2.2

Hin tvö verkefni sem er skilað inn skulu vera metin eftir spurningunni. Mér finnst framsetning á vörumerki vera fagmannlega unnin:

Mjög ósammála = 1 stig

Ósammála = 2 stig

Hlutalaus = 3 stig

Sammála = 4 stig

Mjög sammála = 5 stig



3. Vinnuaðferðir og reynsla starfsmanna, hámark samtals 30 stig

3.1 Vinnuaðferðir (15 stig):

Nefnd á vegum verkkaupa svarar eftirfarandi spurningum:

Lýsing á vinnuaðferðum bjóðenda: Mér finnst lýsing á vinnuaðferðum bjóðenda gefa góða mynd af vinnu hans.

Lýsing á ferli við gerð stafrænna vörumerkja: Mér finnst lýsing á ferli við gerð stafrænna vörumerkja gefa góð mynd af vinnu bjóðanda

Lýsing á hvernig samskiptum við viðskiptavin er háttað og framvindu verks er komið á framfæri Mér finnst lýsing á því gefa góða mynd

Mjög ósammála = 1 stig

Ósammála = 2 stig

Hlutalaus = 3 stig

Sammála = 4 stig

Mjög sammála = 5 stig

3.2 Reynsla starfsmanna (15 stig):

Bjóðandi hefur smíðað logo (vörumerkjatákn) á síðastliðnum 3 árum (2 stig)

Bjóðandi hefur smíðað heildstætt vörumerki á síðastliðnum 3 árum (2 stig)

Bjóðandi hefur smíðað heildstætt stafrænt vörumerki á síðastliðnum 3 árum (3 stig)

Bjóðandi hefur smíðað vefsíðu út frá vörumerki á síðastliðnum 3 árum (3 stig)

Bjóðandi hefur smíðað vörumerki fyrir stórt fyrirtæki (yfir 200 starfsmenn) (3 stig)

Bjóðandi hefur hlotið viðurkenningu fyrir störf sín sem snýr að hönnun/vörumerkjavinnu (2 stig)

4. Tímaáætlun og upphaf verks, hámark samtals 10 stig

Gerð er krafa um vikulega framvinduskýrslu þar sem fram kemur hvernig vinnunni hefur miðað áfram. Vinna við vörumerki skal vera lokið ekki seinna en 6 vikum frá undirritun samnings. Bjóðandi skal leggja fram verk,- tíma- og framvinduáætlun boðins verks ásamt myndrænum sýnishornum og tilgreina hvernig eftirliti framvindu verkþátta verði háttað. Dómnefnd mun leggja mat á þessa áætlun og hversu raunhæf hún sé m.a. áskilur sér rétt til að afla sér upplýsinga umsagnaraðila sem bjóðandi vísar til með tilboði.

4.1

Mér finnst lýsing gefa góða mynd af hvernig verkefnið verður unnið (tímaáætlun):

Mjög ósammála = 1 stig

Ósammála = 2 stig

Hlutlaus = 3 stig

Sammála = 4 stig

Mjög sammála = 5 stig



4.2

Fyrirtæki sem getur hafist handa fyrst af þeim sem bjóða = 5 stig

Nr 2 = 4

Nr 3 = 3

Nr 4 = 2

Nr 5 = 1